



Siglingaklubburinn Þytur

Skýrsla stjórnar Starfsárið 2015



Rio Tinto Alcan
Styður barnastarf Þyts



Inngangur

Starfsárið hófst að loknum aðalfundi í janúar. Stjórn félagsins var endurkjörin.

Stjórn þyts:

Formaður	Ragnar Hilmarsson
Varaformaður	Gunnar Geir Halldórsson
Gjaldkeri	Áskell Fannberg
Ritari	Pétur Th Pétursson
Meðstjórnendur	Hörður Páll Guðmundsson
	Jón Vignir Daníelsson
	Gunnar Freyr Gunnarsson

Vetrarstarf

Síðasta ár var merkisár í sögu félagsins því Þytur varð 40 ára 19. Apríl. Áður en afmælið rann upp voru félagar búnir að setja sér markmið að klára húsið. Unnin voru þrekvirki á árinu. Eldhúsið á efri hæðinni var klárað, og klárað að klæða stóra vegginn að innan. Það var smíðaður stigi niður af milliloftinu niður í salinn, það var útbúinn geymsla fyrir segl og settur upp seglarekki. Það var líka stúkuð af aðstaða fyrir starfsmenn. Jón Rafn sá um að ganga frá áfellum í stigaganginum og anddyrinu og gluggum í salnum. Eins var haldið áfram með loftræstinguna í búningssklefunum en það á þó enn eftir að reka smiðshögggið á hana. Verkefnastjórar voru þeir Gunnar Geir, Pétur Th, Rúnar og Jón Rafn. Þeir nutu aðstoðar fjölda félaga við að framkvæma þetta. Þegar mest var voru um 20 sjálfbóðaliðar að vinna í einu.

Það var unnið talsvert í bátaflotanum. Það voru endurnýjuð seglin á Optimist bátunum og talsvert gert í að skipta um varahluti. Þessir bátar hafa dugað vel en eru nú samt orðnir nokkuð þreyttir. Þeir nýjustu er frá smáþjóðaleikunum 1997 en margir mun eldri. Einn af „nýju“ bátunum var gerður upp og sprautaður síðasta vetur.

Eins var líka mikið unnið í Topper Topaz bátunum. Skipt um talsvert af fittings og spottum.

Félagið fékk ný segl á Secret bátana og þau smell pössuðu við möstrin sem komu í fyrra. Það liggur þá fyrir að það þarf að endurnýja stýrin á þeim. Stýrið á Sigurvon brotnaði í Akraneskeppninni í sumar og það er jafngamalt og stýrin á okkar bátum. Það var málmþreyta í öxlinum þannig það er farið að styttast í að okkar stýri gefi sig líka.

Pétur TH hefur leitt vinnu við að gera um Wayferer bátinn. Þeir stefna að því að hann verði klár í vor. Þeir hittast yfirleitt á miðvikudögum ef menn vilja mæta og leggja hönd á plóginn.

Haldin var afmælisveisla 19. Apríl og barst félaginu fjöldi gjafa og heillaóska. Þar má helst telja að Rannveig Einnarsdóttir sviðstjóri fjölskylduþjónustunnar færði félaginu 2 nýja öryggisbáta. Hvíti báturinn hefur reynst félaginu mjög dýr í rekstri, alltaf bilaður og það dýrar viðgerðir. Þannig að það liggur ekkert annað fyrir en að losa sig við bátinn. Hitt er að það eru komin ný viðmið um fjölda barna á sjó per öryggisbát, þannig að við þurfum líka að fjölga öryggisbátum úr tveim í þrjá. Hafnarfjarðarbær tók vel í að aðstoða félagið í raunum okkar og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Þetta er forsenda fyrir því að hér er hægt að halda áfram að byggja upp siglingastarf með börn og unglinga í Hafnarfirði.



Nýr gæslubátur þyts. Sindri Þór Hannesson á styrinu. Mynd eftir Guðna Gíslason

Í Október og nóvember stóð Markús fyrri því að bjóða Hafnfirðingum út að sigla. Hengdar voru upp auglýsingar víða um bæinn þar sem áhugsömum var boðið að koma. Fyrst á Skeglu en þegar kólnaði á sínum bát. Starfsárið endaði svo með okkar árlega síldarkvöldi 28. nóvember, eða laugardaginn fyrir fyrsta sunnadam í aðventu, eins og vanalega. Kvöldið var vel sótt og áttu siglingamenn góða kvöldstund saman.

Námskeið og æfingar:

Fastur og stór liður í sumarstarfi klúbbsins eru siglinganámskeið fyrir börn og unglinga, fyrsta námskeið sumarsins hófst þann 11. júní og lauk því síðasta þann 3. ágúst. Hvert námskeið stóð í 2 vikur og voru námskeið bæði fyrir og eftir hádegi. Aðsókn á námskeiðin var góð í júní og fyrrihluta júlí eða 105 börn sem komu á námskeið til okkar síðasta sumar. Hilmar Hannesson leiddi sumarstarfið en hafði 3 eldri með sér og nokkra krakka á vinnuskólaaldri við ýmis störf.

Hilmar Hannesson, Eyþór Agnarsson og Sindri Þór Hannesson skiptu á milli sín þjálfuninni síðastliðið starfsár.

Mótahald sumarsins:

Klúbburinn hélt þrjú siglingamót og félagar í Þyt tóku þátt í öllum mótum sumarsins hjá SÍL.



Opnunarmót kjölbáta

Siglingaklúbburinn Þytur hélt opnunarmót kjölbáta 23.maí. Sigla átti sem leið lá frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Þar sem Sex baujan er ekki lengur þar sem hún var er líklegt að opnunarmót næsta árs verði einhver önnur leið.

Aðeins fjórir bátar voru skráðir til keppni: Dögun, Sigurborg, Skegla og Ögrun. Dögun mætti ekki til keppni vegna forfalla og Ögrun steytti á skeri fyrir utan Skerjafjörð og fékk að launum strandbikarinn á lokahófi SÍL. Það voru því aðeins þær Skegla og Sigurborg er luku keppni. Tíminn var þó ágætur, 2 og hálfur tími.

Sæti	Bátur	sigldur tími	leiðréttur tími	Skipstjóri	Ísl. bikar
1	Skegla	2:24:08	2:16:21		10
2	Sigurborg	2:49:11	2:38:30		8
	Ögrun	DNF	DNF		
	Dögun	DNS	DNS		

Faxaflóamót

Faxaflóamótið var haldið helgina 19-21 júní. Það var Siglingafélagið Brokey sem stóð fyrir mótinu. Siglt var frá Reykjavík til Akranes á föstudegi en á laugardegi voru sigldar nokkrar umferðir fyrir Akranes og loks var siglt til baka til Reykjavíkur á sunnudeginum.

Úrslit urðu eftirfarandi

Sæti	Bátur	Skipstjóri	Félag	Umferð 1	Umferð 2	Umferð 3	Umferð 4	Stig
1	Skegla	Gunnar Geir Halldórsson	Þytur	1	1	1	2	5
2	Sigurborg	Smári Smáráson	Ýmir	2	4	4	1	11
3	Lilja	Arnar Freyr Jónsson	Brokey	6	2	2	3	13
4	Aquarius	Halldór Jørgensson	Brokey	3	3	3	4	13
5	Ögrun	Guðmundur	Brokey	4	5	5	5	19
6	Ásdís		Brokey	5	6	6	6	23
7	Sigurvon	Ólafur Már Ólafsson	Brokey	(DNF)8	(DNS)8	(DNS)8	(DNS)8	32

Íslandsmót Kjölbáta 2015

Íslandsmót kjölbáta fór fram í Hafnarfirði dagana 12. - 16. ágúst. Egill Kolbeinsson var keppnisstjóri en með honum í keppnisstjórn voru Þeir Friðrik Friðriksson, Páll Hreinsson og Sindri Þór Hannesson. Þeir stóðu sig með miklum ágætum og voru brautir yfirleitt mjög réttar og lítil bið á milli umferða. Það nýmæli var á mótinu að allir keppendur voru með GPS búnað um borð tengda sínum þannig að hægt var að fylgjast með bátunum í landi. Um kvöldin voru svo margir sem endurlifðu keppni dagsins með því að spila þær á sjónvarpinu. Vonandi verður framhald á þessu. Sigldar voru 8 umferðir og máttu keppendur því henda einni umferð. Skegla sigraði mótið með 6 fyrstu sæti og 1 annað sæti. Í Öðru sæti var Dögun með 2 fyrstu sæti og 5 annað sæti, samtals 12 refsstig. Aðeins munaði einu stigi á Aquarius og Sigurborg í 3. og 4. sæti með 24 og 25 refsstig.



Sæti	Bátur	Seglanúmer	Félag	Skipstjóri	forgjöf	samt.	Loka	Sæti
1	Skegla	ISL 9835	Þytur	Gunnar Geir Halldórsson	0,946	10	8	1
2	Dögun	ISL 1782	Brokey	Þórarinn Stefánsson	0,840	15	12	2
3	Aquarius	ISL 2667	Brokey	Halldór Jörgensson	0,992	30	24	3
4	Sigurborg	ISL 9845	Ýmir	Smári Smárasen	0,937	31	25	4
5	Ögrun	ISL 98000	Brokey	Jón Thorberg Ólafsson	1,002	43	36	5
6	Icepick 1	ISL 01	Þytur	Rúnar Steinsen	0,939	48	41	6
7	Ásdís	ISL 2217	Þytur	Arnar Jónsson	0,824	50	42	7



Íslandsmeistarar Kjölbáta 2015. Gunnar Geir Halldórsson, Gunnar Freyr Gunnarsson, Marcel Mendes da Costa og Ragnar Hilmarsson

Úrslit Lokamót kjölbáta

Síðasta siglingamót sumarsins fór fram 5. September. Alls tóku 5 bátar þátt í Lokamótinu. Siglt var frá Reykjavík til Kópavogs og tók siglingin rétt tæpa 1 klukkutíma og 40 mín.

Úrslit urðu þessi:

Sæti	bátur	tími	forgjöf	umreiknað
1	Skegla	01:39:01	0,946	01:33:40
2	Lilja	01:42:17	0,973	01:39:31
3	Aquarius	01:41:21	0,992	01:40:32
4	Sigurborg	01:48:25	0,937	01:41:35
5	Ögrun	01:48:27	1,002	01:48:40

Skegla vann öll mótin í bikarmótaröðinni og varð því bikarmeistari 2015 með fullt hús stiga.



Opnunarmót Kænur

Opnunarmót Kæna var haldið sunnudaginn 31 maí og var það Siglingafélagið Ýmir sem sá um mótið. Nær allir keppendur komu úr Siglingafélagi Reykjavíkur Brokey en einn keppandi kom frá Ými. Úrslit urðu eftirfarandi:

Sæti	Optimist	Félag	Bátur	1. umf	2. umf	Samtals
1	Þorgeir Ólafsson	Brokey	Optimist	1	1	2
2	Andrés Núi Arnarson	Brokey	Optimist	2	2	4
3	Atli Gauti Ákason	Brokey	Optimist	3	3	6
Sæti	Opinn flokkur	Félag	Bátur	1. umf	2. umf	Samtals
1	Hulda Lilja Hannesdóttir	Brokey	Laser R	2	1	3
2	Dagur Tómas Ásgeirsson	Brokey	Laser R	1	2	3
3	Tómas Zoega	Ýmir	Laser R	3	3	6
4	Ólafur Már Ólafsson Gunnar Hlynur Úlfarsson	Brokey	T Argo	4	4	8

Miðsumarmót Kænur

Miðsumarmót Kæna var haldið af Siglingaklúbbnum Þyt í Hafnarfirði þann 13. júní síðastliðinn. Keppt var í tveimur flokkum Optimist og Laser Radial.

Úrslit voru sem hér segir:

Sæti	Optimist	Félag	1	2	3	4	Samtals
1	Þorgeir Ólafsson	Brokey	1	1	1	1	4
2	Ásgeir Kjartansson	Brokey	2	2	2	2	8
3	Andrés Núi Arnarsson	Brokey	3	3	3	3	12
4	Bergþór Bjarkason	Þytur	4	4	4	5	17
Sæti	Laser Radial	Félag	1	2	3	4	Samtals
1	Þorlákur Sigurðsson	Nökkvi	1	1	1	1	4
2	Hulda Hannesdóttir	Brokey	4	2	2	2	10
3	Tómas Zoëga	Ýmir	2	3	3	3	11

Íslandsmót kæna

Kænu mótið var haldið af Brokey og fór fram á Sundunum við Reykjavík. Sigldar níu umferðir og gátu keppendur því hent tveim verstu umferðunum. Þorgeir Ólafsson sigraði nokkuð örugglega í Optimist flokki, Þorlákur í Laser Radial og Björn Heiðar í Opna flokknum.



Optimist A

Nafn keppanda	Félag	Seglanúmer	heildarstig	Sæti
Þorgeir Ólafsson	Brokey	603	9	1
Ísabella Sól Tryggvad.	Nökkvi	ISL667	13	2
Andrés Núi Arnarson	Brokey	158	18	3
Emil Andri Ólafsson	Nökkvi	ISL17	22	4
Garðar Örn Tannagon	Nökkvi	DEN7989	33	5
Bergþór Bjarkason	Þytur	381	43	6
Axel Stefánsson	Brokey	123	49	7
Stefán Daði Karelsson	Nökkvi	ISL16	49	8

Laser Radial

Nafn keppanda	Félag	Seglanúmer	heildarstigatala	Sæti
Þorlákur Sigurðsson	Nökkvi	197680	7	1
Hulda Lilja Hannesdóttir	Brokey	197660	15	2
Friðrik Valur Elíasson	Nökkvi	162638	18	3
Tómas Zoëga	Ýmir	81	25	4
Lilja Gísladóttir	Nökkvi	1	30	5

Opinn Flokkur

Nafn keppanda	Bátur	Félag	Seglanúmer	Forgjöf	heildarstig	Sæti
Björn Heiðar Rúnarsson	Laser Standard	Nökkvi	162624	1091	7	1
Breki Sigurjónsson	Laser Standard	Nökkvi	162640	1091	15	2
Þór Elíasson	Laser 4.7	Nökkvi		1195	18	3
Atli Gauti Ákason Ásgeir Kjartansson	Topper Topaz	Brokey	ISL102	1200	33	4
Aðalsteinn Jens Loftsson Eyþór Pétur Aðalsteinsson	29er	Ýmir	ISL950	922	36	5
Oliver Thorlacius-Allen	Laser 4.7	Brokey	111	1195	36	6
Gunnar Kristinn Óskarsson Gunnar Hlynur Úlfarsson	29er	Brokey	133	922	39,5	7
Berglind Rún Traustadóttir Jóhann Valur Jónsson	Topper Topaz	Þytur	ISL303	1200	46	8

Uppskeruhátíð SÍL 2015 var haldin í félagsheimili Þyts. Góð stemmning var í félagsheimili Þyts í Hafnarfirði þar sem hófið fór fram. Veittar voru viðkenningar fyrir frammistöðu á árinu. Íslandsbikarinn hlaut áhöfnin á Skeglu fyrir góða frammistöðu í sumar, en Skegla sigraði á öllum



stigamótum til Íslandsbikars í sumar og var því með fullt hús stiga eftir sumarið.



Íslandsmeistarar Kjölbáta 2015. Gunnar Geir Halldórsson, Gunnar Freyr Gunnarsson, Marcel Mendes da Costa og Ragnar Hilmarsson .

Sjálfboðaliði ársins var valinn Rúnar Steinsen fyrir framlag sitt í Siglingaklúbbnum Þyt í Hafnarfirði. Siglingamaður ársins var Gunnar Geir Halldórsson úr Þyt en hann stýrði Skeglu til sigurs á Íslandsmeistaramóti kjölbáta auk þess vann Skegla Íslandsbikarinn með fullt hús stiga.

Lokaorð

Árið var eftirminnilegt fyrir Þyt. Félagið varð 40 ára og það er talsvert afrek fyrir jaðaríþróttagrein að ná því að halda samfelldu starfi í 40 ár. Félagið er búið að vera að byggja félagsheimili í 15 ár og nú vantar bara herslumuninn á að hægt sé að segja að því verki sé lokið. Það sem vantar núna er loftræstikerfi, sem er langt komið og svalir fyrir framan húsið. Þetta er verkefni sem við gætum hugsanlega klárað í vetur. Við þurftum að reka hvíta öryggisbátinn í sumar og það var okkur dýrt. Við tókum í notkun annan af tveim nýjum öryggisbátum sem klúbburinn festi kaup á árinu og stefnt er að hinn verður klár fyrir næsta sumar og þá getum við losað okkur við hvíta bátinn. Þetta er mikill áfangi sem við höfum náð en það er ekki hægt að gefa neinn afslátt þegar kemur að öryggismálum. Annað verkefni sem líklega verður byrjað á í vetur er að gera upp Skýjaborg. Skýjaborg er fyrsti kappsiglingakjölbáturinn sem kom til Íslands. Báturinn er hannaður af David Thomas og var byggður fyrir 40 árum síðan af Rúnari Steinsen, Steini Steinsen og Stefáni Stephensen og fleirum.

Ég vil þakka öllum þeim sem að þessu starfi komu, kærlega fyrir þeirra framlag fyrir Siglingaklúbbinn Þyt.

Hafnarfirði 21. janúar 2016

Fyrir hönd stjórnar, Ragnar Hilmarsson